

jonthorgal@gmail.com

Til : Laufey Helga Guðmundsdóttir
Frá : jonthorgal@gmail.com
CC : Indriði Stefánsson; Píratar;
Heiti : 27.a.Bréf Jóns Þórs Ólafssonar 1.10.2021
Málsnúmer. : 2110006
Málsaðili : Alþingi
Efnisflokkur : Upplýsingar
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 6.10.2021
Skráningaraðili : Landskjörstjórn

Viðhengi

[Skýrsla umboðsmanna lista - Skortur á öryggi utankjörfundar atkvæða, sem auðvelt er að laga.pdf](#)

[Mynd af flokkuðum atkvæðum í RVK - 20210923_085923.jpg](#)

[Bo'kun í gerðarbo'k kjörstjó'ra utankjörfundar - 20210922_184343.jpg](#)

[Bo'kun í gerðarbo'k kjörstjó'ra utankjörfundar - 20210922_215815.jpg](#)

[Bo'kun í gerðarbo'k kjörstjó'ra utankjörfundar - 20210922_220010.jpg](#)

Virðingafyllsta Landskjörstjórn.

Í viðhenginu er skýrsla umboðsmanna list Pírata í kjördæmunum þremur á stórhöfuðborgarsvæðinu. Viðhengið inniheldur jafnframt þau fylgigögn sem skýrslan vísar í.

Okkur þætti vænt um að fá að fylgja skýrslunni eftir munnlega við tækifæri. Þannig gefst tækifæril að tryggja skýrleika og fara dýpra yfir athugasemdirnar í þeim tilgangi að starf okkar sem umboðsmenn lista megi skila sér í auknu öryggi kosninga í framtíðinni.

Kærar þakkir,

Jón Þór Ólafsson, umboðsmaður lista Pírata í báðum kjördæmum Reykjavíkur og suðvestur. Indriði Ingi Stefánsson, umboðsmaður lista Pírata í suðvesturkjördæmi.

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee.

If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

Skýrsla umboðsmanna lista

- Skortur á öryggi utankjörfundar atkvæða, sem auðvelt er að laga -

Megintilgangur laga um kosningar til Alþingis er að leiða í ljós vilja kjósendans á öruggan hátt og að sá vilji birtist í fjölda kjörinna fulltrúa í fullu samræmi til greidd atkvæði. Til að svo megi vera er réttmætt traust kjósenda lykilatriði.

Umboðsmenn lista Pírata í Suðvesturkjördæmi og umboðsmaður í Reykjavíkurborg kjördæmunum báðum vill benda á hvar öryggi við framkvæmd kosninga var ábótavant og til þess fallin að grafa undan réttmætu trausti á kosningum og þar með trausti til stjórnskipan landsins. Þessa ágalla er auðvelt að leiðrétta með litlum tilkostnaði.

Ágallarnir í þeim kjördæmum sem um ræðir í þessari skýrslu sköpuðu ekki sömu hættu á að spilla vilja kjósenda og í norðvesturkjördæmi, þar sem atkvæði voru m.a. ekki innsigluð eftir talningu eins og lög fyrirskipa og svo endurtalin án þess að kjósendum og umboðsmönnum lista gæfist kostur að fylgjast með eins og lög fyrirskipa einnig. En ágallarnir eru að þessu leiti af sama meiði og lúta að skorti á innsigli til að tryggja öryggi atkvæða og skorti á möguleikum umboðsmanna lista til að sinna eftirliti og þá í báðum tilfellum varðandi utankjörfundaratkvæði.

Atkvæði sem greidd eru fyrir kjördag hafa verið að aukast og eru um 20% atkvæða. Kjósendur sem greiða þannig atkvæði er boðið að setja atkvæði í innsiglaðan atkvæðakassa, og hafa því réttmætar væntingar að öryggi þeirra verði tryggt sem best alla leið á kjörstað.

Skortur á innsigli raufar atkvæðakassa utankjörfundar.

Kjörstjóri atkvæðagreiðslu utankjörfundar í Kringlunni og Smáralind innsiglaði aðeins hliðar atkvæðakassa og sendi þá frá sér án þess að innsigla raufina ofan á kassanum sem atkvæði eru sett ofan í. Bæði var því hægt í flutningum atkvæðakassanna að setja atkvæði í þá og hrista atkvæði úr þeim. Umboðsmenn lista hafa lagaheimild til að innsigla atkvæðakassana með sínum innsigli en var samt bannað að innsigla raufina. Dómsmálaráðuneytið, sem hefur boðvald og eftirlitsskyldur með sýslumanni sem skipar kosningastjóra utankjörfundar, segir kjörstjóra ekki skylt að heimila innsigli raufarinnar þó hann megi heimila það. - (*Sjá meðfylgjandi bókanir umboðsmanns í gerðabók utankjörfundar*).

- Öryggi atkvæða má auka hér með því að festa í reglur að kjörstjóra sé skylt að innsigla raufina áður en þeir yfirgefa utankjörfund.

Flokkun utankjörfundar atkvæða hófst tveimur dögum áður en lög heimila.

Lög heimila flokkun atkvæða frá utankjörfundi degi fyrir kjördag. Flokkun atkvæða í Reykjavíkurborg kjördæmunum hófst á miðvikudag, þremur dögum fyrir kjördag. Þar var þó umboðsmönnum heimilað að innsigla talningarherbergin en fékk ekki færi á því að vera viðstaddur þegar þau voru rofin á föstudagsmorgun þar sem tímasetningu var breytt með skömmum fyrirvara. Umboðsmaður getur því ekki staðfest að atkvæðin hafi verið örugg þá nótt.

- (Sjá meðfylgjandi mynd af flokkuðum atkvæðum í sal ráðhúss Reykjavíkur fimmtudagsmorgun fyrir kosningar kl: 8:59. Flokkun atkvæða hófst daginn áður).

- **Öryggi atkvæða má auka hér með því að** flokka aðeins þá daga sem lög heimila og tryggja að umboðsmenn geti verið viðstaddir innsiglun á geymslu atkvæðanna og rof þeirra innsigla.

Flokkuð utankjörfundar atkvæði ekki flutt milli kjörstaða í innsigluðum atkvæðakössum.

65. gr. Laga um kosningar til Alþingis heimila kjósanda utankjörfundar að taka atkvæðið með sér, afhenda starfsfólki kjörfundar þau til að póstsenda það eða setja það sjálf í innsiglaðan atkvæðakassa á staðnum. Í 1. mgr. 73. gr. laganna segir svo að þegar atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar komi á kjörstað á kjördag skuli athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð, m.a. af umboðsmönnum lista. En þar sem 4. mgr. 73. gr. laganna heimilar flokkun atkvæða utankjörfundar degi fyrir kjördag þá eru innsiglin eðlilega rofin þá, en nánast alltaf án þess að bjóða umboðsmönnum lista að vera viðstadda. Eftir flokkun atkvæðanna eru þau svo ekki aftur sett í innsiglaðan atkvæðakassa fyrir flutning á kjörstað eða kjördeild. - (*Höfum fengið margar munnlegar frásagnir af þessu og Landskjörstjórn getur hæglega fengið þetta staðfest*).

- **Öryggi atkvæða má auka hér með því að** kjörstjórnir bjóði umboðsmönnum lista að vera viðstadda alla innsiglun og rof þeirra, sem og að atkvæði séu sett í atkvæðakassa og þeir innsiglaðir eftir flokkun og fluttir þannig á kjörstað eða kjördeildir.

Jón Þór Ólafsson, kt. 130377-4089, umboðsmaður lista Pírata í báðum kjördæmum Reykjavíkur og suðvestur.

Indriði Ingi Stefánsson, kt. 221277-3339, umboðsmaður lista Pírata í suðvesturkjördæmi.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu Endurrit úr gerðarbók

Föstudaginn 17. september 2021 komu á kjörstað í Smáralind þeir Jón Þór Ólafsson, kt. 130377-4089, umboðsmaður P-lista Pírata í Suðvesturkjördæmi, og Jón Eggert Guðmundsson, kt. 131167-5129, umboðsmaður P-lista Pírata í Reykjavíkurborgkjördæmi suður.

Fengu þeir ýmsar upplýsingar um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar vegna Alþingiskosninga en kjördagur er 25. september nk.

Jafnframt óskuðu þeir, sem umboðsmenn, eftir því að setja innsigli á alla þá kjörkassa sem nú þegar hafa verið innsiglaðir af kjörstjórn/kjörstjóra. Beiðni þessi er samþykkt af kjörstjóra.

Enn fremur óskuðu þeir eftir að setja innsigli á þá kassa sem eru nú orðnir fullir, og því ekki lengur í notkun, og þá á rauf þá sem er ofan á kössunum og kjósendur hafa sett atkvæði sín í gegnum.

Ofangreindri beiðni er hafnað af kjörstjóra. Þá ítrekuðu umboðsmenn beiðni sína en henni er hafnað aftur.

Að lokum bentu umboðsmenn á að það væri þeirra mat að kjörstjóri skyldi setja innsigli sitt á áður nefnda rauf á hverjum kjörkassa.

Þannig fram farið

Ásdís Halla Arnardóttir, (sign)

Jón Þór Guðmundsson, (sign)


Jón Eggert Guðmundsson, (sign)

Rétt endurrit staðfestir

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

21. september 2021.

Rasell H. Jost



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu Endurrit úr gerðarbók

Ár 2021, er fyrir tekið þriðjudaginn 21. september á kjörstað í Kringlu af Rakel Marín Jónsdóttur, beiðni umboðsmanns Pírata í Reykjavíkurborg kjördæmi Norður um að setja innsigli sín á kjörkassa frá kjörstjórnnum í kjördæminu.

Jón Þór Ólafsson umboðsmaður setti neðangreind innsigli á neðangreinda kjörkassa Reykjavíkur Norður.

nr. 2 – innsigli nr. 2C567045

nr. 4 – innsigli nr. 2C567046

nr. 3 – innsigli nr. 2C567047

nr. 10 – innsigli nr. 2C567048

nr. 9 – innsigli nr. 2C567049

nr. 11 – innsigli nr. 2C567050

nr. 12 – innsigli nr. 2C567051

nr. 13 – innsigli nr. 2C567052

Þá lagði umboðsmaður, Jón Þór, fram beiðni þess efnis að fá tækifæri til að innsigla raufina sem atkvæði eru sett í gegn um í kassann sem fyrst eftir að kassar hafa verið teknir til hliðar sökum þess að þeir séu fullir og í síðasta lagi áður en að kassar fara af kjörstað bæði í Kringlu og Smáralind. Með vísáð til 65. gr. laga um kosningar til Alþingis sé umboðsmönnum lista heimilt að setja innsigli sín á atkvæðakassa, en greinin segir "atkvæðakassinn skal innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín". Umboðsmaður listans bendir á að sé raufin sem atkvæði eru sett í ekki innsigluð nái lögin ekki tilgangi sínum enda séu kassar innsiglaðir svo ekki sé hægt að opna þá í þeim tilgangi að hvorki verði teknir úr honum kjörseðlar eða settir í hann, en án þess að innsigla raufina sé slíkt hægt. T.d. sé hægt að setja atkvæði í kassann en líka að hrista atkvæði úr honum, og í tilfalli suðvestur kjördæmis þar sem væri hægt að setja atkvæði þar sem ákveðnir flokkar eru sterkir en eyða atkvæðum flokka sem ekki hafa eins mikið kjörfylgi. Það ætti því að vera augljóst að umboðsmenn lista hafa heimild að innsigla kjörkassa og án þess að fá heimild til að innsigla rauf kjörkassans nái lögin ekki tilgangi sínum og boðið sé upp á meiri líkur á kosningasvindli en eila. Það að heimila umboðsmönnum að innsigla rauf atkvæðakassans kosti lítið sem ekkert við framkvæmd kosninganna. Í versta falli þyrfti að sækja auka kjörkassa ef atkvæði sem seint berast passi ekki í kassa sem enn séu í notkun. Þannig hljómar beiðni umboðsmanns.

Þannig fram farið

Rakel Marín Jónsdóttir, (sign)

Jón Þór Ólafsson, (sign)

Ár 2021, þriðjudaginn 21. september á kjörstað í Kringlu óskar umboðsmaður Pírata, Jón Þór Ólafsson, eftir leiðréttingu á bókun vegna beiðnar sinnar sem bókuð er hér á undan, leiðréttingin byrjar á setningunni T.d. og skal hún vera eftirfarandi: "T.d. sé hægt að setja

atkvæði í kassann en líka að hrista atkvæði úr honum, og í tilfalli suðvestur kjördæmis þar sem væri hægt að setja aftur í kassann atkvæði þess sveitarfélags þar sem ákveðnir flokkar eru sterkir en eyða atkvæðum úr sveitarfélögum þar sem sömu flokkar hafa ekki eins mikið kjölfylgi."

Þannig fram farið

Rakel Marín Jónsdóttir, (sign)

Jón Þór Ólafsson, (sign)

Rétt endurrit staðfestir

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

21. september 2021.

